

Nr. 067 / 12 Dóri GK 42

Vélarvana og dreginn til hafnar

Skipaskr.nr. 2622
Smíðaður: Reykjavík 2004, plast
Stærð: 11,8 brl. 14,8 bt.
Mesta lengd: 12,06 m Skráð lengd: 11,55 m
Breidd: 3,59 m Dýpt: 1,44 m
Vél: Volvo Penta 334 kW, 2004
Fjöldi skipverja: 4

Gögn:
Gögn RNS



Dóri ©Hafþór Hreiðarsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 27. júní 2012 var Dóri GK 42 á siglingu skammt undan Barðsneshorni. Veður: Logn og norðurfall

Á landleiðinni urðu gangtruflanir í vélinni og þegar komið var skammt norður af Barðsneshorni stöðvaðist hún en stutt var í land. Í ljós kom að sjór hafði komist í olíuna og óskaði skipstjóri eftir aðstoð. Anný SU kom fljótlega og dró Dóra GK frá ströndinni en það var björgunarskipið Hafbjörg sem dró hann til hafnar á Neskaupstað.

Við rannsókn kom fram:

- að orsök þess að vélin stöðvaðist var að talsverður sjór hafði komist niður um lestargólfíð í olíuna og olíusíur stíflast;
- að áður en þetta gerðist hafði orðið vart við raka í olíunni og skipta þurfti um síur nánast á hverjum degi vegna þess;
- að tvö lok eru í lestargólfinu niður í plastolíutanka og samkvæmt skipstjóra þurfti frágangur þeirra lagfæringu sem til stóð að gera.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var sjóleki að olíutank.